

Nd.

515. Frumvarp til laga

[268. mál]

um Tæknistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Tæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun, undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins. Stofnunin hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála, og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu, er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

3. gr.

Stofnunin skiptist í aðaldeildir og sérdeildir.

Deildaskipting skal ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Þegar settar eru á stofn sérdeildir, skulu heildarsamtök iðnaðarins, samtök einstakra greina hans eða aðrir aðilar, eftir því sem við á, tilnefna einn eða fleiri tengimenn fyrir hverja sérdeild. Þeir skulu m. a. fylgjast með tengslum sérdeilda við iðnaðinn.

Stjórn stofnunarinnar ákveður, hvernig tilnefningu tengimanna við einstakar sérdeildir skuli hagað.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar sem hér segir:

Einn fulltrúa án tilnefningar,

einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda,

einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna,

einn fulltrúa ófaglærðs starfsfólks í iðnaði, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks,

einn fulltrúa faglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.

Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun.

Stjórnarmenn skulu skipaðir til 2ja ára í senn.

5. gr.

Stjórn Iðntæknistofnunar Íslands hefur með höndum stjórn stofnunarinnar, markar henni stefnu og fer, ásamt forstjóra, með tengsl stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið.

**6. gr.**

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Skal hann skipaður til 4ra ára í senn.

Forstjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar. Hann gerir tillögur til stjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

**7. gr.**

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda til fjöggra ára í senn. Framkvæmdastjórar aðaldeilda sjá um daglega stjórn þeirra í samráði við forstjóra.

**8. gr.**

Framkvæmdanefnd stofnunarinnar skal skipuð forstjóra og framkvæmdastjórum aðaldeilda, framkvæmdastjóra Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins.

Forstjóri stofnunarinnar skal vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk framkvæmdanefndar skal vera að tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis, við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Rannsóknaráð ríkisins, m. a. með því að gangast fyrir myndun verkefnahópa.

**9. gr.**

Tekjur stofnunarinnar skulu vera sem hér segir:

- a) Framlag í fjárlögum.
- b) Hluti af jöfnunargjaldi. frá og með 1979.
- c) Tekjur fyrir selda þjónustu, samkvæmt gjaldskrá sem iðnaðarráðherra staðfestir. Hámark gjaldskrár skal miðað við raunverulegan heildarkostnað vegna þjónustunnar, en heimilt er að taka tillit til aðstæðna viðtakanda og eðlis þjónustunnar.
- d) Greiðslur frá aðilum vegna stórra verkefna, samkvæmt samningi hverju sinni.
- e) Framlög til sérstakra verkefna og aðrar tekjur.

**10. gr.**

Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar í umboði stjórnar og í samráði við framkvæmdastjóra viðkomandi deildar.

Starfslið stofnunarinnar skal ráðið:

- a) Með fastri ráðningu.
- b) Með lausri ráðningu, þ. e. með tilteknum uppsagnarfresti.
- c) Með ráðningu til ákveðins tíma, t. d. til ákveðinna verkefna.

Um launakjör starfsfólks fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

**11. gr.**

Sérfræðingum og ráðunautum Iðntæknistofnunar Íslands er heimilt að kenna sérgreinar sínar við Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, iðnskóla og hliðstæða skóla, samkvæmt nánari reglum, sem stjórn stofnunarinnar kann að setja um slíka starfsemi.

Starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að taka að sér aukastörf, sem skoðast geta sem samkeppni við stofnunina, nema með samþykki stjórnar.

**12. gr.**

Stofnuninni og starfsfólki hennar er óheimilt að láta þriðja aðila í té upplýsingar um rannsóknir, tilraunir, prófanir eða önnur verkefni, sem stofnunin vinnur samkvæmt beiðni og gegn greiðslu nema fyrir liggi skriflegt samþykki verkheiðanda.

**13. gr.**

Stofnunin tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Aðild framangreindra stofnana að Rannsóknaráði ríkisins, sbr. 2. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, skal haldast.

**14. gr.**

Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

**15. gr.**

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 31 16. apríl 1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, VI. og VII. kafla laga nr. 64, 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

**16. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gjald samkvæmt 45. gr. og 53. gr. laga nr. 64, 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skulu innheimt til loka ársins 1978 og renna til Tæknistofnunar Íslands.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp það um Tæknistofnun Íslands, sem hér er flutt, er samið að tilhlutan og á vegum iðnaðarráðuneytisins. Tilgangur þess er að koma upp stofnun, er annist alhliða tækniþjónustu í þágu iðnaðarins.

Breyttar markaðsaðstæður valda því, að sumar greinar íslensks iðnaðar standa nú á tímamótum, sem kalla á markvissar aðlögunaraðgerðir. Ella er hætt við að þær fái ekki staðist harðnandi erlenda samkeppni. Þá ber jafnframt að hafa í huga, að sjávarútvegur getur eigi staðið undir batnandi lífskjörum í bráð og jafnvel þarf að draga úr sókn. Þegar svo horfir, er nauðsynlegt að beina auknu fjármagni til eflingar iðnaði í frekari sókn til bættra lífskjara.

Mikilvægur þáttur í áðurgreindri aðlögun er, að íslensk iðnfyrirtæki eigi aðgang að tækniþjónustu á borð við þá starfsemi, sem látin er í té af stofnunum þeim, er á Norðurlöndum bera heitið „teknologisk institut“, þ. e. a. s. fræðslu-, ráðgjafar-, tilrauna- og prófunarstarfsemi.

Að hluta til hafa tæknistofnanir iðnaðarins hér á landi, þ. e. Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins látið slíka þjónustu í té. Á hitt ber að líta, að starfsemi þessara stofnana hefur ekki verið nægilega samræmd gagnvart tækniþjónustuhlutverkinu og þaðan af síður hefur fjármagn þeirra og bolmagn leyft að þær gætu tekist á við fjölpættar þarfir iðnfyrirtækja varðandi tækni, rekstrarhagfræði og stjórnun.

Frumvarp þetta miðar að endurskipulagningu og sameiningu fyrrgreindra stofnana, þannig að þær myndi eina heild með sameiginlegum og markvissum tilgangi í samræmi við knýjandi þarfir þessa fjölmennasta atvinnuvegar landsmanna.

Standa vonir til, að með tilskyldum mannafla og nægilegu fjármagni geti hin nýja stofnun á fáum árum náð því markmiði, að stuðla svo að tækniþróun og framleiðni í íslenskum iðnaði, að hann standi á sporði erlendum keppinautum.

Á 94. löggjafarþingi (1973—74) flutti iðnaðarnefnd neðri deildar að beiðni iðnaðarráðherra, frumvarp til laga um Iðntæknistofnun Íslands (218. mál, þingskjal 569). Tekið var fram sérstaklega, að einstakir nefndarmenn hefðu óbundnar hendur um frekari afgreiðslu frumvarpsins.

Miðaði frumvarp um Iðntæknistofnun á sama hátt og frumvarp það, sem nú er lagt fram, að sameiningu þriggja tæknistofnana iðnaðarins, Iðnþróunarstofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Rannsóknastofnunar iðnaðarins, í því skyni að koma á fót einni alhliða tækniþjónustustofnun hliðstæðri „teknologisk institut“ á Norðurlöndum. Slíkar tækniþjónustustofnanir hafa starfað um áratugaskeið í þessum löndum og annast jöfnum höndum fræðslu-, ráðgjafar-, tilrauna- og prófunarstarfsemi.

Ekki virðist hafa verið ágreiningur um meginstefnu frumvarpsins, þ. e. að koma hér á fót tækniþjónustustofnun að norrænni fyrirmynd. Þvert á móti hafa margir aðilar, þ. á m. heildarsamtök iðnaðarins, tekið eindregna afstöðu með þeirri hugmynd, jafnvel löngu áður en umrætt frumvarp sá dagsins ljós.

Forsaga og aðdragandi þessa máls er rakin í almennum athugasemdum með áðurgreindu frumvarpi, en þar segir m. a.:

„Þær tæknistofnanir (teknologisk institut) á Norðurlöndum, sem hér er vísað til, gegna sérstöku og mjög mikilvægu hlutverki í tækniþróun þessara landa. Stofnanir þessar einbeita sér að fræðslu og ráðgjöf ásamt nauðsynlegum tilraunum og prófunum, en sinna ekki eiginlegum rannsóknum. Þær stefna markvisst að því í starfi sínu að ná sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf, ekki síst þau smæstu, sem ættu annars erfitt með að tileinka sér tækniþekkingu og nýjungar.“

Annar þáttur í aðdraganda þessa frumvarps snýr að fyrirhugaðri þróun íslensks iðnaðar á næstu árum. Aðildin að EFTA og samningarnir við EBE hafa bæði í för með sér harðnandi samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur á innanlandsmarkaði og aukna möguleika til útflutnings á samkeppnishæfum íslenskum iðnaðarvörum. Þannig eykst fjölbreytni íslensks útflutnings og þjóðarbúskapurinn verður ekki eins háður verðsveiflum í einstökum útflutningsgreinum, en slíkt styrkir efnahagslegt sjálfstæði okkar þegar til lengdar lætur. Sú iðnþróun, sem hér hefur verið lýst stuttlega, kallar að sjálfsögðu á aukna og breytta tækniþjónustu við iðnaðinn. Megin tilgangur þessa frumvarps er einmitt að mæta þeirri þörf.“

Rétt er, að það komi skýrt fram, að tæknistofnanir iðnaðarins í núverandi mynd hafa ekki á að skipa nægum starfskröftum til að veita þá þjónustu, sem hér um ræðir nema að takmörkuðu leyti, enda eru þær of fámennar og févana til þess að svo mætti vera. Þá er þess einnig að geta, að hlutverk þeirra skv. núgildandi lögum miðast ekki nema að nokkru leyti við tækniþjónustu.

Dæmi um þetta er löggjöf um Iðnþróunarstofnun Íslands frá 1971. Sú löggjöf gerir m. a. ráð fyrir fræðslu-, ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónustu, en um leið, að stofnunin skuli, með fjölmennt iðnþróunarráð að bakhjarli, vera stefnumótandi í iðnaðarmálum. Með þessari löggjöf var leitast við að koma til móts við nýjar þarfir m. a. vegna inngöngu Íslands í EFTA.

Flest íslensk iðnfyrirtæki eru faliðuð og hafa ekki bolmagn til að hafa í þjónustu sinni sérfræðilega starfskrafta á sviði framleiðslu og rekstrartækni. Eðlilegt verður því að teljast að ríkisvaldið komi í þessu efni til móts við fyrirtækin og stuðli að því að þau fái aðgang að sérmenntuðu fólki, sem hið sama ríkisvald hefur að meira eða minna leyti séð fyrir skólagöngu. Einmitt þetta er ein meginforsendan fyrir starfsemi tæknistofnananna á Norðurlöndum, sem áður var vikið að.

Höfuðmáli skiptir, að iðnaðurinn, fjölmennasti atvinnuvegur landsmanna, fái í þjónustu sína sem fyrst tæknistofnun þá, sem að er stefnt með frumvarpinu. Aðlögun íslensks iðnaðar að nýjum markaðsaðstæðum á að mörgu leyti enn langt í land. Eitt veigamesta atriðið er aðgangur að fjölhæfri tæknipjónustustofnun eins og hér er ráðgert að koma upp. Verður því að treysta á, að framgangur þessa máls verði ekki tafinn.

Áðurgreint frumvarp hlaut ekki afgreiðslu á 94. löggjafarþingi. Að óreyndu mætti ætla, að einfaldast væri því nú að leggja það fram í óbreyttri mynd, en að athuguðu máli hefur iðnaðarráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu, að slík málsmeðferð hæfi ekki. Kemur einkum til, að eldra frumvarpið felur í reynd í sér fjölda ákvæða, sem betur eiga heima í reglugerð en lögum.

Þetta á m. a. við greinar um starfsfólk, skorir, skorafundi, skoraformenn, einstakar deildir og hlutverk stjórnar. Í þessum greinum er m. a. fjallað um starfsmannahald, stjórn- og starfsskipulag í einstökum atriðum. Virðist fara betur á því að fella meginmál þessara greina, að svo miklu leyti sem þeirra er þörf, inn í reglugerð. Fyrst í stað hlýtur það einmitt að verða meginhlutverk stjórnar stofnunarinnar að móta henni stefnu og starfsskipulag, m. a. með samningu reglugerðar.

Að þessu athuguðu ákvað iðnaðarráðuneytið að láta fara fram endurskoðun á áðurgreindu frumvarpi og birtist það hér í hinni nýju mynd.

Rétt er að það komi skýrt fram, að með frumvarpi þessu er ekki einvörðungu stefnt að sameiningu stofnana, sem fyrir eru í landinu.

Höfuðmarkmið er framleiðslu- og rekstrartæknileg þjónusta á faglegum grundvelli við iðnað landsmanna. Á þessu sviði er þörfin brýnust. Að svo miklu leyti sem eiginlegra rannsókna er þörf, hlýtur sú starfsemi fyrst og fremst að beinast að hagnýtingu innlendra hráefna og að staðbundnum vandamálum byggingariðnaðar, enda er svo ráð fyrir gert, að slík starfsemi rúmist innan verkefnavettvangs stofnunarinnar.

Í þessu sambandi er rétt að minnast á, að á vegum Háskóla Íslands (Raunvísindastofnunar og Verkfræði- og raunvísindadeildar) er kominn visir að undirstöðurrannsóknum. Er stefnt að því, að slík rannsóknarstarfsemi þróist í tengslum við meginnámsbrautir.

Þess er að vænta, að ámóta verkaskipting muni komast á hér og í grannlöndunum í framtíðinni, þ. e. að eiginlegar rannsóknir (þ. á m. vegna iðnaðar) fari fram á vegum Háskóla Íslands, en tilraunir og prófanir í þágu iðnaðar á vegum Tæknistofnunar Íslands.

Ljóst er, að hugsa þarf fyrir tengslum þarna á milli, þegar tímabært þykir.

Þess skal getið, að samráð hefur verið haft við heildarsamtök iðnaðarins, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, um gerð þessa frumvarps. Í fyrstu gerð þess var ekki gert ráð fyrir, að Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins yrði hluti af Tæknistofnun Íslands. Fyrir eindregin tilmæli þessara samtaka, nær skipulagsbreytingin, sem í frumvarpinu felst, einnig til Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### *Um 1. gr.*

Stofnun þeirri, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að komið verði á fót, er hér valið heitið Tæknistofnun Íslands. Þótt ráð sé fyrir því gert, að stofnunin inni fyrst og fremst af hendi þjónustu við iðnaðinn í landinu, annan en fiskiðnað, kjöt- og

mjólkuriðnað, þá þykir ljóst, að sú faglega þekking og aðstaða, sem byggð verður upp innan stofnunarinnar, mun geta komið öðrum framleiðslugreinum að gagni. Má þar nefna stöðlun, prófanir umbúða, efnisflutninga o. s. frv. Þá verður að telja nafnið þjálft í máli, auk þess sem það fellur vel í þýðingu að heiti hliðstæðra stofnana í öðrum norrænum löndum (teknologisk institut).

Þar sem mikill hluti íslenskra iðnfyrirtækja er í Reykjavík og nágrenni hennar þykir rétt að stofnunin hafi aðalaðsetur þar. Á hinn bóginn er eðlilegt, að gera ráð fyrir útibúum úti á landi, samkvæmt aðstæðum og holmagni stofnunarinnar á hverjum tíma. Telst því rétt, að heimild sé fyrir hendi til stofnunar útibúa, og væri það í fullu samræmi við hliðstæðar stofnanir á Norðurlöndum.

#### Um 2. gr.

Miðað við núgildandi löggjöf er með frumvarpi þessu lögð verulega aukin áhersla á heina ráðgjöf við iðnaðinn um framleiðslu- og rekstrartækni og stjórnun, fræðslu- og upplýsingastarfsemi, tilraunir og prófanir.

Með orðinu „iðnaður“ er átt við allan framleiðslu- og þjónustuiðnað að undanskildum fiskiðnaði, slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaði, en þörfum þessara atvinnugreina er öðrum stofnunum ætlað að sinna. Einnig er meðtalin byggingarstarfsemi, bæði á vegum einkaaðila og opinberra aðila, þ. e. húsbyggingar, veg- og brúargerð, hafnarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð.

Ljóst er, að til þess að stofnunin geti sem best fylgst með því, hver þörfin er hverju sinni fyrir ráðgjöf og upplýsingastarfsemi verður að telja æskilegt, að hún hafi frumkvæði að heildarúttekt á iðngreinum í því skyni.

Sérstaklega skal bent á mikilvægi þess, að starfsmenn stofnunarinnar gegni hlutverki ráðunauta, ekki einungis með starfi innan veggja stofnunarinnar, heldur einnig með heimsóknnum og leiðbeiningum í iðnfyrirtækjunum sjálfum og á byggingarstöðum. Hafa ber í huga, að fæst íslensk byggingar- og iðnfyrirtæki ráða yfir starfskröftum með verulegri sérmenntun á hinum fjölbreyttu sviðum tækni og rekstrar.

Ekki þykir rétt að setja ýtarleg ákvæði í frumvarpið um vægi hlutverka og verksviða stofnunarinnar, heldur verður að telja eðlilegt, að ákvörðun í þeim efnun sé á valdi stjórnar hennar, innan þess ramma, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir því, að hagnýtar rannsóknir verði eitt af hlutverkum stofnunarinnar. Með þeim er átt við öflun nýrrar þekkingar með ákveðið hagnýtt framkvæmdamarkmið í huga. Sú starfsemi hlýtur að beinast fyrst og fremst að hagnýtingu innlendra hráefna og að staðbundnum vandamálum byggingarstarfseminnar. Rétt er þó að vekja athygli á mikilvægi þess, að rannsóknastarfsemin skerði ekki möguleika stofnunarinnar til að veita almenna þjónustu við iðnað og byggingarstarfsemi. Sé um meiriháttar verkefni að ræða, t. d. á sviði nýiðnaðar, getur verið nauðsynlegt að tryggja til þeirra sérstakar fjárveitingar.

Þótt núgildandi iðnfræðslulöggjöf geri ráð fyrir þjálfun og fræðslu iðnverka-fólks, hafa iðnskólar hingað til, ekki haft bolmagn til að sinna því hlutverki. Þá hefur hin síðari ár myndast vaxandi þörf fyrir eftirmenntun iðnaðarmanna og annars starfsfólks á ýmsum sviðum í iðnaði fyrst og fremst vegna hraðra tækni-framfara. Æskilegt er að stofnunin sinni, svo sem kostur er, þessu hlutverki. En nauðsynlegt er að koma í veg fyrir tvíverknað, með nánú samstarfi við iðnskólana í landinu og aðra þá, sem vinna að svipuðum verkefnum. Til greina kemur, að hluti kostnaðar vegna þessarar fræðslustarfsemi greiðist af skólakostnaði.

#### Um 3. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að stofnunin taki við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands. Starfsemi þessara þriggja stofnana mun því í meginatriðum marka deildaskiptingu aðaldeilda Tæknistofnunar Íslands í fyrstu, þ. e. byggingadeild og mann-

virkjadeild (Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins), iðntæknideild (Rannsóknastofnun iðnaðarins), rekstrartæknideild (Iðnþróunarstofnun Íslands).

Með hliðsjón af því, hversu stöðlunarmál hafa veigamikla þýðingu í almennri iðnaðar- og atvinnuþróun, verður að telja eðlilegt að gera ráð fyrir sérstakri stöðlunardeild þegar í upphafi. Einnig kæmi til greina að stofna í upphafi aðaldeild, sem helguð yrði nýiðnaðarverkefnum.

Þegar stofnuninni hefur vaxið fiskur um hrygg, verður einnig að gera ráð fyrir því, að starfandi verði sérdeildir innan aðaldeilda fyrir stærstu greinar iðnaðarins. Þannig mætti hugsa sérdeildir vegna byggingarefna, byggingaraðferða, byggingarkostnaðar, vega- og gagnagerðar og vegna annarrar mannvirkjagerðar. Einnig, að innan iðntæknideildar störfuðu sérdeildir, t. d. fyrir málmiðnað, vefjar- og fataiðnað og matvælaíðnað. Ennfremur, að innan rekstrartæknideildar störfuðu sérdeildir, sem byggðar væru á starfrænni skiptingu innan fyrirtækja, t. d. stjórnunardeild, bókhalds- og fjármáladeild og hagræðingardeild, auk sérdeilda á sviði fræðslu, upplýsingaþjónustu og útgáfustarfsemi.

Ætlast er til, að þegar settar eru á stofn sérdeildir innan aðaldeilda, þá tilnefni heildarsamtök iðnaðarins, eða samtök einstakra greina hans og aðrir aðilar, eftir því sem við á, sérstaka tengimenn. Er þeim ætlað að vera starfsmönnum sérdeilda til ráðuneytis um framkvæmd einstakra verkefna. Telja verður, að slík tengsl geti orðið mun nánari og virkari en tíðkast samkvæmt núgildandi löggjöf, sem gerir ráð fyrir stórum ráðgjafanefndum eða ráðum með fulltrúum ýmissa samtaka iðnaðarins o. fl. aðila í tengslum við tiltölulega stórar einingar.

#### Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir því, að takmarka stærð stjórnar stofnunarinnar við fulltrúa þeirra heildarsamtaka vinnumarkaðarins, sem fyrst og fremst eiga hagsmuna að gæta varðandi starfsemi stofnunarinnar, og að einn sé skipaður af iðnaðarráðherra án tilnefningar.

Til þess að tryggja starfræn tengsl við stjórnir þeirra samtaka, sem tilnefna fulltrúa í stjórn stofnunarinnar, þykir rétt að takmarka skipunartíma við 2 ár.

#### Um 5. gr.

Stjórn Tæknistofnunar Íslands fer með stjórn stofnunarinnar og er fyrst og fremst ætlað að vinna að stefnumótun, en ekki að hafa afskipti af daglegum rekstri nema brýna nauðsyn beri til.

Meðal verkefna stjórnar má nefna:

- a) Að taka ákvarðanir varðandi áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, bæði áætlanir til langs tíma og árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir.
- b) Að gera tillögur um gjaldskrá stofnunarinnar og ákveða þóknun fyrir meiri-háttar verkefni, þegar það á við.
- c) Að sjá um útgáfu ársskýrslu stofnunarinnar.
- d) Að gera tillögur til iðnaðarráðherra um skiptingu stofnunarinnar í aðaldeildir og sérdeildir, ennfremur um stofnun útibúa sbr. 1. gr.
- e) Að hafa eftirlit með því, að hagkvæmt og eðlilegt samstarf sé milli deilda og gera ráðstafanir til úrbóta, ef þörf krefur.

Í greininni felst, að stjórnin ásamt forstjóra í umboði hennar, leggur fyrir iðnaðarráðuneytið mál, sem varða starfsemi stofnunarinnar.

#### Um 6. gr.

Þótt ráð sé fyrir því gert, að forstjóri sé skipaður til 4ra ára í senn, getur um endurráðninga verið að ræða svo lengi sem gagnkvæmur vilji er fyrir hendi.

#### Um 7. gr.

Framkvæmdastjórar aðaldeilda sjá um daglega stjórn þeirra í samráði við forstjóra.

#### Um 8. gr.

Varðandi ráðningartíma framkvæmdastjóra vísast til athugasemda um 6. gr. Framkvæmdanefnd er ætlað að tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis, við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Rannsóknaráð ríkisins. Starfsemi þeirrar stofnunar, sem sinnir sölu- og markaðsmálefnum iðnaðarins, tengist á margan hátt væntanlegri starfsemi Tæknistofnunar Íslands. Það getur verið hagkvæmt, að sérfróðir menn um markaðsmál og rannsóknastarfsemi taki þátt í verkefnahópum, sem framkvæmdanefnd er ætlað að gangast fyrir að mynda. Þess vegna er eðlilegt, að framkvæmdastjórar Útflutningsmiðstöðvarinnar og Rannsóknaráðs ríkisins eigi sæti í framkvæmdanefnd stofnunarinnar.

Með orðinu „verkefnahópur“ er átt við hóp manna innan stofnunar eða utan, er haft gætu t. d. það verkefni að vinna að úrbótum á vandamálum einstakra iðngreina eða fyrirtækja, könnun tiltekins hráefnis o. s. frv. Hér er um að ræða mikilvægan þátt í starfsemi stofnunarinnar.

Leggja ber áherslu á, að framkvæmdanefnd er fyrst og fremst starfshópur, sem á að vinna að hvers kyns samstarfi innan stofnunarinnar.

#### Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að Tæknistofnunin njóti beinna framlaga úr ríkissjóði á sama hátt og stofnanir þær, sem nú er ætlunin að sameina, hafa notið til þessa. Ennfremur er ráð fyrir því gert, að til stofnunarinnar renni hluti af jöfnunargjaldi, sem lagt er á innfluttar iðnaðarvörur, sem tollar hafa verið felldir niður af og tollfrjálsar verða 1. janúar 1980 skv. ákvæðum samnings um aðild Íslands að EFTA og samnings milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Framlög til stofnunarinnar sbr. a) og b) lið þessarar greinar, eins og þau verða ákveðin hverju sinni, ráða úrslitum um það, hvort væntanleg löggjöf nær tilgangi sínum.

Framleiðsluverðmæti sjávarútvegs og fiskiðnaðar á árinu 1977 er áætlað 84 milljarðar króna, en ríkisframlög til tæknistofnana þessara atvinnuvega (Fiskifélag Íslands, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins) nema 1 095.7 millj. kr. í fjárlögum 1978, eða 1.3% af framleiðsluverðmæti ársins 1977.

Áætlað framleiðsluverðmæti landbúnaðar árið 1977 var 28 milljarðar kr., en ríkisframlag til hliðstæðra stofnana landbúnaðarins (Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins) nema 506 millj. kr., eða 1.8% af heildarframleiðsluverðmæti ársins 1977.

Heildarframlög til núverandi stofnana og starfsemi, sem væntanlega sameinast í Tæknistofnun Íslands nema á árinu 1978 274.7 millj. kr. eða 0.2% af heildarframleiðsluverðmæti iðnaðar á árinu 1977, sem áætlað er 175 milljarðar kr. (byggingariðnaður meðtalinn). Stefnt er með frumvarpi þessu að því að auka verulega núverandi starfsemi á þessu sviði.

Sem stendur hefur Rannsóknastofnun iðnaðarins markaðan tekjustofn, sem nefnist iðnaðargjald, og er áætlað 42 millj. króna í fjárlögum 1978. Byggingariðnaðarsjóðsgjald rennur til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og er áætlað 37 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 1978.

Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins og til byggingar hafrannsóknaskips, rennur hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem áætlað er um 82 millj. kr. á árinu 1978.

Með „raunverulegum heildarkostnaði“ í staflíð b) er átt við beinan útlagðan kostnað, launa- og tækjakostnað, kostnað vegna húsnæðis, stjórnunar o. s. frv.

Með staflíð c) er gert ráð fyrir að gjaldskrá fari t. d. eftir stærð og fjárhagsgetu fyrirtækja eða stofnana, sem nota sér þjónustuna. Þannig mundu stór fyrirtæki eða stofnanir, sem gætu e. t. v. sjálf komið á fót hliðstæðri starfsemi á eigin vegum, greiða þjónustuna fullu verði, en smáfyrirtæki mundu greiða minna fyrir hliðstæða þjónustu. Þá mundi t. d. kennsla á námskeiðum og undirstöðukönnun á rekstri fyrirtækja e. t. v. ekki verða greidd að fullu. Sama gæti gilt um nýjar tegundir þjónustu, meðan þær eru að ryðja sér til rúms.



Framlag ríkis skv. staflið a) og hluti af jöfnunargjaldi skv. staflið b) er m. a. ætlað að standa undir þjónustu, sem viðtakandi greiðir ekki fullu verði skv. framansögðu. Auk þess verður talsverður hluti af starfsemi stofnunarinnar svo almenns eðlis, að erfitt verður að finna tiltekinn viðtakanda, sem hægt er að krefja um greiðslu. Þetta gildir m. a. um hvers konar þjónustu við iðnaðinn sem heild, eða einstakar iðngreinar og um starfsemi, sem miðast við iðnað framtíðarinnar, svo sem könnun íslenskra náttúruauðlinda.

Rétt þykir að nefna sérstaklega þær greiðslur, sem um ræðir í staflið b), því að starfsemin er oft nokkuð sérstaks eðlis og greiðslurnar verða ekki ákveðnar skv. gjaldskrá, m. a. vegna stærðar og sérstöðu verkefnanna.

Nauðsynlegt er að undirstrika, að gjaldtakan, sem um ræðir í staflið b), er ekki árviss tekjustofn, heldur rammi, sem gefur tækifæri til nokkurs svigrúms í tekjuöflun.

#### Um 10. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum, mun stofnunin hafa með höndum fjölbreytileg verkefni, sem stuðla að eflingu iðnþróunar á Íslandi. Vegna fyrirsjáanlegrar fjölbreytni verkefna verður að telja óæskilegt, að eingöngu verði um fastar ráðningar að ræða, heldur gefist kostur á að fá lausráðna starfskrafta, til tímabundinna starfa við ákveðin verkefni.

Með tímabundinni ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra er ætlunin að tryggja stofnuninni á hverjum tíma sem hæfasta stjórnendur hinnar daglegu starfsemi og gefa stjórn stofnunarinnar svigrúm til að stuðla að því að svo verði.

#### Um 11. gr.

Hliðstæð ákvæði um kennslustörf er að finna í gildandi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Æskilegt er að umræddri kennslu verði settar viðeigandi reglur.

#### Um 12. gr.

Hér er um vandasamt mál að ræða, þar sem bæði þarf að gæta hagsmuna viðskiptaaðila stofnunarinnar og tryggja eðlilega starfshætti hennar, t. d. þegar nokkrir aðilar biðja um sömu athuganir hver í sínu lagi.

Nauðsynlegt virðist að setja rækilegar reglur um þessi mál.

#### Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að stofnunin taki við allri starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnana iðnaðarins og byggingariðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðild framangreindra stofnana að Rannsóknaráði ríkisins haldist.

#### Um 14., 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 45. gr. laga nr. 64, 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru ákvæði um að greiða skuli gjald til Rannsóknastofnunar iðnaðarins er nemi 2% af kaupum verka-fólks og fagmanna hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum.

Í 53. gr. sömu laga eru ákvæði um að greiða skuli ½% aðflutningsgjald af innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárn og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Gert er ráð fyrir að gjöld þessi verði innheimt til loka ársins 1978 og renni til Tæknistofnunar Íslands.